

Ef starfsmaður vill nýta persónuafslátt sinn í starfi hjá Landspítalanum þá þarf að skila nauðsynlegum gögnum til launadeildar, eigi síðar en 20. hvers mánaðar.

Beiðni um nýtingu á skattkorti þarf að fylgja yfirlit frá Skattinum.

Athugið að ef skattkortið er sótt fyrir 15. dag mánaðar er að öllum líkindum ekki búið að skila staðgreiðslu vegna fyrri mánaðar og þ.a.l. kann að vera að uppgæfin staða á nýttum afslætti sé ekki rétt.

Sendið PDF skjalið á þinn launafulltrúa, eða á launadeild@landspitali.is með upplýsingum um:

- frá og með hvaða tíma þú vilt nýta skattkortið
- hver rétt staða á nýttum persónuafslætti er sbr. ofangreint, og
- nýtingarhlutfall persónuafsláttar þ.e. hversu mörg % af persónuafslættinum þú vilt nýta.

Einnig má prenta út þessar upplýsingar og senda til:

Landspítali, launadeild
Skaftahlíð 24, 2. hæð norður
105 Reykjavík


Leiðbeiningar:

Til að sækja upplýsingar um nýtingu persónuafsláttar er nauðsynlegt að skrá sig inn á „Þjónustuvef“ á www.skatturinn.is.


The screenshot shows the Skatturinn website interface. At the top, there is a navigation bar with the Skatturinn logo and several menu items: Einstaklingar, Atvinnurekstur, Innheimta, Fyrirtækjaskrá, Fagaðilar, Um Skattinn, EN, and a search icon. A red box highlights the 'Þjónustuvefir' button in the top right corner. Below the navigation bar, the main content area has a dark blue background with the title 'Þjónustuvefir' and a 'LOKA' button. Under the 'SKATTAMÁL' tab, a red box highlights the 'Innskráning á þjónustuvef' button. Under the 'TOLLAMÁL' tab, there is a list of items:

TOLLAMÁL	
Farmvernd	VEF-tollafgreiðsla - innflutningur
Tollalínan	VEF-tollafgreiðsla - útflutningur
Fyrir innheimtumenn ríkissjóðs	VEF-farmskrárskil

Veljið innskráningarleið þ.e. annað hvort með rafrænum skilríkjum eða veflykli.




Ef „Auðkenning með rafrænum skilríkjum“ er valið, sláið inn símanúmeri og veljið „Auðkenna“.




Veljið „Mín þjónustusíða“



Þá opnast neðangreind mynd. Smellið á „Yfirlit launagreiðanda“



Þá opnast síða þar sem nýting á persónuafslætti kemur fram. Smellið á „Pdf“



Sendið PDF skjalið á launafulltrúa eða á miðlægt netfang launadeildar sbr. framangreint.

Athugið: Það er á byrgð hvers og eins að upplýsa sinn launagreiðanda um rétt skattþrep og hvernig nýting persónuafsláttar skuli vera háttað svo rétt staðgreiðsluhlutfall sé dregið af launum við útborgun. Ef þú ert í hlutastarfi á Landspítalanum, eða annars staðar, eða ert að taka lífeyri samhliða vinnu, þá þarft þú að hafa í huga að stilla þarf skattþrepið á öðrum hvorum staðnum svo að þú lendir ekki í því að skulda staðgreiðslu í árslok.

Nánari upplýsingar er að finna á slóðinni á vefsíðu Skattsins:

<https://www.skatturinn.is/einstaklingar/stadgreidsla/personuafslattur/>

Uppfært 30. janúar 2024